

**Nr. 033 / 10 Helga María AK 16*****Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 1868  
Smíðaður: Noregi 1988, stál  
Stærð: 883 brl. 1470 bt.  
Mesta lengd: 56,86 m Skráð lengd: 54,4 m  
Breidd: 12,6 m Dýpt: 7,7 m  
Vél: Wärtsilä 2200 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 27



Helga María©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 11. október 2010 af Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 14. nóvember 2009 var Helga María AK 16 á togveiðum í Grindavíkurdýpi. Veður: NA 16 m/s, ölduhæð 1,5 m.

Skipverji var að brýna hníf til netaviðgerða og notaði við það „færeyinga“ brýni sem sett er upp á handarbakið. Þegar skipverjinn ætlaði að setja hnífsblaðið í brýningaraufina lenti hnífurinn framhjá og ofan á handarbakið í lið á vísifingri. Haft var samband við lækni og ráðlagði hann að skipverjanum yrði komið á sjúkrahús.

***Við rannsókn kom fram:***

- að slasaði vissi ekki hvað truflaði sveifluna þannig að hnífsblaðið lenti utan við sætið þar sem brýnisstálið situr í;
- að á myndum af brýninu eru sjáanlegar rispur á hlíf þess umhverfis stálsætið og hefur hnífurinn sýnilega ekki alltaf hitt niður í sætið. Þó að vörnin hylji ekki höndina þá hafa skipverjar ekki skorið sig með þessum hætti áður en sambærilegt mál hefur verið skoðað hjá RNS (mál 118/06);
- að sögn skipstjóra ráðleggur framleiðandi brýnsins að hnífnum sé haldið föstum niðri á borði (bakkinn



niður á borðið) og stálið dregið yfir eggina. Sú aðferð hafði ekki verið kynnt skipverjanum né voru uppi leiðbeiningar í skipinu um það.

*Nefndarálit:*

Nefndin telur orsök slyssins vera þá að brýninu hafi ekki verið beitt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Nefndin vekur athygli á því að leiðbeiningum um notkun og meðferð tækja og tóla skal koma fyrir í vinnuöryggishandbók sem á að vera aðgengileg fyrir skipverja.